



SELTJARNARNESBÆR



Ungmennaráð Seltjarnarness

Ungmennáping fyrir alla

Útdráttur

Seltjarnarnesbær setti á laggirnar Ungmennaráð árið 2009 með það að markmiði að bjóða upp á félagsstarf fyrir ungmenni 16 ára og eldri á Seltjarnarnesi en einnig svo að rödd unga fólksins myndi fá að hljóma í stjórnslu sveitarfélagsins. Upprunalega var kosið lýðræðislega í sjö manna ráð á opnu húsi fyrir ungmenni 16 ára og eldri. Um áramótin 2011/2012 breytti ungmennaráðið uppbyggingunni á ráðinu og í stað þess að kjósa sjö fulltrúa sem eiga að skipuleggja og tala fyrir hönd allra ungmenna á Nesinu var það opnað á þann veg að nú geta allir sem vilja tekið þátt. Ungmennaráðið heldur fjögur Ungmennaping á ári þar sem öllum ungmenum á aldrinum 16-25 ára er boðið að taka þátt. Með þessari aðferð hefur fjöldi þátttakanda í ungmennaráðinu, fjöldi verkefna og ánægja unga fólksins margfaldast.

| | |
|-----------------------------|---|
| Stofnun: | Ungmennahúsið Skelin |
| Heyrir undir: | Seltjarnarnesbæ |
| Tengiliður vegna verkefnis: | Guðmundur Ari Sigurjónsson, verkefnastjóri |
| Tölvupóstur: | ari@selid.is |

Af hverju var farið í þessa framkvæmd?

Þegar ungmennaráðið fór af stað mættu 19 einstaklingar á aldrinum 16-18 og buðu sig fram til setu í ráðinu. Kjörnir voru sjö fulltrúar sem sátu í heilt ár og stóðu sig með þryði. Þeir einstaklingar sem ekki komust inn í ráðið fjarlægðust hægt og rólega starfið og tóku að sér fleiri verkefni á öðrum vettvöngum. Árið 2010 fór Ungmennaráð Seltjarnarness í ungmennaskipti til Lundar í Svíþjóð þar sem ráðið kynntist öðru ungmennaráði sem starfað hafði í allt annarri mynd en þau voru vön. Þar var mikið lagt upp úr því að virkja sem flesta og dreifa ábyrgð en reynsla svianna var að þannig myndi bæði verkefnum fjölga sem og að fleiri ungmenni tækju þátt. Þegar íslenska ráðið hélt heim á leið fór það í gegnum mikla sjálfskoðun og komst að þeirri niðurstöðu að þeir sem væru hvað virkastir og héldu hvað lengst út í félagsstarfinu fyrir 16 ára og eldri voru þeir sem voru í ráðinu, þeir sem báru ábyrgð á verkefnum og þeir sem hefðu hlutverk.

Framkvæmd

Ráðið fór því á fullt í að breyta uppbyggingu þess og taka það sem hafði gengið vel hér heima og sameina við það sem það hafði kynnst erlendis. Niðurstaðan var sú að hætta að kjósa í lokað ráð og opna frekar á þátttöku allra þeirra sem vildu taka þátt. Þannig átti að dreifa verkefnum og ábyrgð betur með það að markmiði að fá fleiri til að taka þátt og vera virkir í ungmennastarfi á Seltjarnarnesi. Þáverandi meðlimir ráðsins voru þó nokkuð áhyggjufullir um að hugsanlega mundi festan og hefðin fyrir ráðinu hverfa og það mundi leggja upp laupana.

Ákveðið var að halda fjögur Ungmennaping á ári þar sem öll ungmenni á aldrinum 16-25 ára yrðu boðuð til fundar og þar væru allar helstu ákvarðanir Ungmennaráðsins teknar. Á þessum þingum er farið yfir þau verkefni sem unnin hafa verið á síðastliðnum þremur mánuðum og hvaða verkefni á að fara í og setja fjármagn í á næstu þremur mánuðum. Yfir hvert verkefni er svo skipaður verkefnastjóri og nefnd sem hefur það hlutverk að framkvæma verkefnið og kynna það á næsta ungmennapingi.

Niðurstaða

Með tilkomu þessa nýja fyrirkomulags hefur það sýnt sig á þeim tæpu þremur árum sem það hefur verið við liði að þátttaka í ungmennaráðinu hefur aukist til muna. Verkefnum fjölgar sífellt og meðlimir endast lengur í ráðinu. Einn kostur við nýja fyrirkomulagið er sá að fleiri hafa tök á því að taka þátt og þeir sem taka þátt bera ekki ábyrgð á öllum verkefnum næsta árið en það getur vafist fyrir einstaklingum sem vilja taka þátt þegar þeir eru ekki vissir hvernig árið muni þróast. Ungmennaráðið hefur haft gríðarleg áhrif á bæjarlífið á Nesinu. Ráðið hefur skipulagt fræðslu og vímuefnalaus viðburði, haldið utan um félagsstarf aldraðra og verið bæjaryfirvöldum innan til ráðgjafar þegar kemur að ákvörðunum sem snúa að ungu fólki.

Mörg verkefni Ungmennaráðsins eru nú orðin árleg en má sem dæmi nefna:

- Jólakaffihús þar sem ungir Seltirningar flytja jólalög, lesa upp úr bókum og fara með ljóð
- Nikkuball þar sem eldri borgurum landsins er boðið niður á smábátahöfn og dansaðir eru gömlu dansarnir undir harmonikkuleik
- Mánaðarleg eldri borgarakvöld þar sem eldri borgurum er boðið í ungmennahúsið Skelina og spiluð er vist, bocchia, prjónað, bakað eða bara hvað sem ráðinu dettur í hug
- Ungmennaráðið hefur skipulagt styrktartónleika í gegnum tíðina en nú stendur yfir skipulagning á teiknimyndarstyrktartónleikum til styrktar Barnaspítala Hringins

Ungmennaráðið hefur einnig tekið að sér viss sumarstörf fyrir bæinn og má sem dæmi nefna

- Tölvukennslu fyrir eldri borgara
- Félagsstarf aldraðra
- Bæklingagerð
- NesTV netfréttastöð
- Jafningjafræðsla fyrir alla grunnskólanemendur og nýnema í framhaldsskóla

Ungmennaráðið hefur einnig tekið virkan þátt í alþjóðastarfi svo sem ungmennaskiptum við önnur ungmennaráð og námskeiðum um lýðræði og þátttöku ungs fólks í sínu nærsamfélagi. Fyrir ári síðan ákváðu bæjaryfirvöld í samstarfi við Ungmennaráðið að ráðið myndi fá sæti í flestum nefndum bæjarins og vera þannig beint rödd unga fólksins á þeim stöðum sem ákvarðanir í bæjarmálunum eru teknar.

Lærdómur

Núverandi fyrirkomulag á Ungmennaráði Seltjarnarness hefur bæði vakið athygli héraendis sem og erlendis. Ungmennaráðið hefur verið virkt í verkefnum bæði héraendis sem og erlendis og allsstaðar vekur fyrirkomulag ráðsins miklar umræður. Margir óttast einmitt að með því að opna á ráðin og festa ábyrgðina og hlutverkin ekki á einstaklinga að fólk hætti að sinna verkefnum og að ráðin flosni upp. Reynslan hefur þó sýnt sig að þvert á móti taka einstaklingar fagnandi við ábyrgð á verkefnum og frumkvæði nýrra verkefna eykst. Þetta laðar að sér fleiri virka meðlimi svo verkefnaálag dreifist betur innan hópans sem eykur ánægju þátttakanda enn frekar.